

**Nd.**

**54. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum, nema 3 mánuði á hverju sumri. Sýslunefnd skal í hverju hjeraði setja fastar reglur um það, hve nær veiðitíminn skuli þar byrja og enda.

2. gr.

Með þessum lögum er 1. gr. í lögum nr. 5 frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi úr gildi numin.